

22. febrúar 2006
SÍ 27385

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu,
58. mál

Í bréfi dags. 10. febrúar 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58. mál.

Seðlabanki Íslands telur ekki tilefni til þess að breyta ákvæðum núgildandi laga um vexti og verðtryggingu er varða vanefndaálög og vexti yfirdráttarlána með þeim hætti sem til er lagt í frumvarpinu. Í vanskilavöxtum á að felast eindregin hvatning til skilvísi og þótt vanskilavextir kunni að reynast sérstaklega þungbærir í einhverjum tilvikum réttlætir það ekki almenna lækkun þeirra. Í skýringum við frumvarpið er því haldið fram að bankar og neytendur líti gjarnan á yfirdráttarlán og óverðtryggt skuldabréfalán á svipaðan hátt. Ástæða er til að vara við því ef svo er og nauðsynlegt að allir geri sér grein fyrir mismunandi verði á ólíkri fyrirgreiðslu fremur en að henni verði blandað saman.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri